

FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Fimmtudagur 14. febrúar 2019 | 6. tbl. 17. árg.

Upplag 10.500 eintök. Dreift fritt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur



Iceland
STAÐARBERGI

HRINGBRAUT 2A



106m²

Þjört og falleg 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð í þessu vinsæla fjölbýli, glæsilegt útsýni, tvennar svalir. Stæði í upphitaðri bílageymslu innangengt.

HLÍÐARBRAUT 5



203m²

71,9 millj. kr.

Einbýli sem hefur verið mikið endurnýjað. Tveggja herbergja íbúð er á jarðhæðinni með sérinnangi.

KALDAKINN 20 - 3 ÍBÚÐIR



106-115 m²

Til sölu glæsilegar endurnýjaðar 3ja - 4ra herbergja íbúðir með sérinnangi. Bílskúr fylgir tveimur íbúðum. Verð frá 53,9 millj. kr.

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is



MATHÚS BAR

VON

Strandgata 75 | 583 6000 | vonmathus.is

Hvað líður nýju skipulagi miðbæjarins?

Hugmyndir þriggja arkitektastofa ekki enn gerðar opinberar

Margir hafa beðið eftir er orðið úrelt. Vinna hófst á hugmyndasamkeppni en nú endurskoðun á skipulagi síðasta ári en svo gerðist afar skoða menn einnig nýjar miðbæjarins sem fyrir löngu lítið. Stefnt er að opinni leiðir. Sjá nánar bls. 7.



Steinar Ari, nemandi Tónlistarskóla Hafnarfjarðar á tónleikum í Hafnarborg sl. föstudag.

sími
842
2217



HELGAPELL
FASTEIGNASALA



TAXI

Hafnfirsk
leigubílastöðin

520 1212



Treystu
mér fyrir
veislunni!

www.kokulist.is

Firði • sími 555 6655

Nú erum við hjá A. Hansen að ljúka okkar öðru ári og við viljum að þú njótir góðs af því.

Ómótstæðileg endurkoma veitingarstaðarins A. Hansen þar sem gæði og góð þjónusta eru í fyrirrúmi. Við bjóðum ykkur hjartanlega velkomin!

AFMÆLISTILBOÐ:

Nautasteik, glas af víni eða bjór og heit súkkulaðikaka með vanilluís. Verð kr. 4.990,- tilboðið gildir 1.-28. febrúar.

Veitingahúsið er opið kl. 17.30-22 alla daga.

Barinn er opin 21.30-01 fimmtud. og 19.30-03 föstud. og laugard.

A. Hansen | Vesturgötu 4 | Borðapantanir: ahansen@ahansen.is 565 1130 | www.ahansen.is

AFMÆLISTILBOÐ



FJARDAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Póstdreifing

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



Víðistaðakirkja

Sunnudagur 17. febrúar

Messa og sunnudagaskóli kl. 11

Verið velkomin!

Kyrrðarstund

á miðvikudögum kl. 12.

www.vidistadakirkja.is



Fríkirkjan

í Hlífnarfirði

Sunnudagurinn 17. febrúar

Sunnudagaskóli kl. 11

Kvöldvaka kl. 20

Hugleiðingu kvöldsins flytur
Inga Dóra Hrólfssdóttir.

Kór og hljómsveit kirkjunnar
leiðir sönginn.

FORELDRAMORGNAR

á miðvikudögum kl. 10-12
Heitt á könnunni.

KRÍLASÁLMAR

í kirkjunni á fimmtudögum kl. 10.30
Góð stund fyrir kríli, ömmur og afa.

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook

Gjöf til ungmenna

Þorvaldur Ingi Jónsson Qigong lífsorkukennari og leiðari býður ungmennum upp á frían fyrirlestur undir yfirskriftinni „Aukum lífsorkuna, viljastyrkinn og gleðina“. Er fyrirlesturinn fyrir öll ungmenni og aðstandendur sem vilja njóta og læra að:

- auka lífsorkuna og jákvætt hugarfar
- efla sjálfsöryggi og minnka kvíða
- styrkja sjálfsmyndina
- standa betur með sjálfum sér
- auka viljastyrk til að gera það sem þig langar til

Fyrirlesturinn er í dag, fimmtudag í golfskála GKG í Garðabæ og hefst dagskráin kl. 17.15 með fyrirlestri um ofangreinda punkta. Í lokin gera þáttakendur nokkrar léttar Qigong lífsorkuæfingar. Dagskránni lýkur kl. 18.30.

Þorvaldur Ingi Jónsson.



HAFNARFJARÐARKIRKJA

Sunnudagur 17. febrúar

Messa og sunnudagaskóli kl. 11

Sr. Þorvaldur Karl Helgason messar.

Morgunmessa

miðvikudaga kl. 8.15

TTT starf (10-12 ára)


fimmtudaga kl. 17-18

Kvenfélag Hafnarfjarðarkirkju

Fimmtudagur 21. febrúar

Aðalfundur kl. 20

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja




www.astjarnarkirkja.is

Sunnudagur 17. febrúar

Messa og sunnudagaskóli kl. 11

Barna- og unglingastarf á mánudögum

Þá verður Ingi Már Þorvaldsson með innlegg um kvíða og ótta en Ingi Már er á lokaári í meistarnámi í sálfræði.




leiðarinn

Viðskiptasiðferði á Íslandi virðist fara hrakandi og fréttir af slæmum aðbúnaði erlends starfsfólks starfsmannaleigu styðja við þá skoðun. Kennitölufلاك og greinilegur ásetningur manna að bera enga ábyrgð er meinsemd í þjóðfélaginu sem ber að uppræta. Svo virðist sem yfirvöld og dómstólar eigi erfitt með að uppræta slíkt og fólk spyr sig hvort raunverulegur vilji sé fyrir hendi.

Hún þótti bara rausnarleg, bankastýran í einum af bönkum okkar landsmanna að lækka mánaðarlaun sín niður í 4,2 milljónir kr.! Á meðan hin bankastýran var hin illræmdasta að hækka laun sín í 3,8 milljónir kr. Hvaða siðferði er það að bankastjóri sé með tífold laun gjaldkeranna í sínum eigin banka? Einhver tíman þótti bara rausnarlegt að skipstjóri væri með tvöfaldan hlut á við háseta.

Eru vel menntaðir stjórnendur svona sjaldgæfir og eftirsóttir að dekstra þurfi við þá með þessum hætti? Það má ekki vanmeta hæfileikaríkt fólk og auðvitað á að borga þeim vel. Það á reyndar líka við um alla sem skila góðri vinnu. Það eru miklu fleiri hæfileikaríkir en stjórnendur og í raun mikilvægari en þeir!

Fjármunir virðast allt of oft fara illa í fólk og oft sannast að margur verður að aurum api. Græðgin eykst og löngunin í sífellt meiri auð verður ágengari. Þeir hinir sömu reyna svo að komast hjá því að greiða til samfélagsins sem þeim ber og nýta alla mögulegar leiðir til þess.

Þetta væri svo sem allt í lagi ef þetta hefði ekki svo mikil áhrif á allan almenning. Bankarnir, sem í raun ekkert skapa, lána bara sparifé almennings, og þéna vel af og mest af lánum til þessa sama almennings sem ekki nýtur sömu kjara og peningamennirnir sem litla ábyrgð taka og stærstu útlánstöp bankanna eru af þessum miklu peningamönnum. Í atganginum við að eignast enn meiri auð er eigin fjármunum ekki veðjað, heldur fjármunum annarra. Einhver þarf að fjármagna arð sem „eigendur“ greiða sér þó þeir sjálfir hafi lagt minnst fé fram, heldur tekið það að láni.

Eigendur fyrirtækja sem svíkja og pretta aðra sleppa lang oftast og ekki einu sinni almenningur dæmir þá með sniðgöngu. Aðeins í heita pottinum er kvartað. Sem betur fer eru heil epli í kassanum og sem betur eru enn til stjórnendur sem leggja metnað í uppbyggingu fyrirtækja í stað þess að arðræna þau.

Guðni Gíslason ritstjóri.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utfararstofa.is

Aldnir unglingar endurnýjuðu 30 ára kynni í unglingadeild leikfélags

Öflugt starf Leikfélags Hafnarfjarðar sem nú er húsnaðislaust

Í síðustu viku hittist í Bæjarbíói fyrrverandi þátttakendur í starfi Unglingadeildar Leikfélags Hafnarfjarðar á fyrstu árum hennar ásamt leikstjórum og því fólki sem stóð að stofnun deildarinnar fyrir 30 árum síðan.

Stefán Karl Stefánsson hafði frumkvæðið að skipulagningu endurfundanna en eftir andlát hans tóku aðrir við keflinu og létu hugmynd hans um endurfundi verða að veruleika.

FJÖLMÖRG LEIKVERK

Fyrsta leikrit deildarinnar var „Þetta er allt vitleysa Snjólfur“ í leikstjórn Guðjón Sigvaldasonar og næsta verk á fjálmáru var „Þú ert í blóma lífsins fíflíð þitt“ sem Davíð Þór Jónsson leikstýrði en bæði verkin voru samin í samvinnu þeirra og unglinganna. Í framhaldinu setti deildin upp fjölda verka, m.a. Buggy Malone, Gulldrengina og fl. verk.

Var kátt yfir hópnum og góðir taktar rifjaðir upp enda hafði verið öflugt og gott starf í hópnum þar sem margir voru að stíga sín fyrstu skref á sviði. Flest leikritin voru sett upp í Bæjarbíói þar sem Leikfélag Hafnarfjarðar hafði aðstöðu.

Minnstist hópurinn einnig látinna leikfélaga þeirra Stefáns Karls og Evu Maríu Jónssonar en Stefán Karl lést á síðasta ári og Eva María lést árið 2001 aðeins tæpra 25 ára.

Alda Sigurðardóttir rifjaði upp það helsta úr sögunni og sagði mikilvægt að varðveita hana og þau skjöl og myndir sem til væru.



Ljóm.: Guðni Gíslason

Þau mættu í 30 ára afmælishófið, efri röð f.v.: Egill Ingibergsson, Gunnar Freyr Steinsson, Stefán Sveinbjörnsson, Hólmfríður Ásta Steinarsdóttir, Ragnheiður Valdimarsdóttir, Sólveig Sigurgeirsdóttir, Ingibjörg Björnsdóttir, Davíð Þór Jónsson, Hlynur Sigurðsson og Guðjón Sigvaldason. Neðri röð f.v.: Jóna Valborg Arnadóttir, Gunnar Axel Axelsson, Alda Sigurðardóttir, Haraldur Freyr Gíslason, Anna Sigríður Arnadóttir, Huld Óskarsdóttir og Harpa Hrönn Grétarsdóttir.

Eftir öflugt starf Leikfélagsins sem hafði sett upp vinsælar sýningar eins og Fúsa Froskagleypi, Bubba kóng og Emil í Kattholti sem vakti mikinn áhuga ungra leikara. Áberandi margir af þeim sem störfuðu með unglingadeildinni komu úr Öldutúnsskóla sem telja má vist vera því að þakka að þar var rekið öflugt leiklistarstarf á þessum árum.

Í tilefni af afmælinu setti Gunnar Freyr Steinsson saman myndband sem



Ljóm.: Guðni Gíslason

Guðjón Sigvaldason leikstjóri í miðrið og Haraldur Freyr Gíslason sem sló í gegn er hann lék Emil í leikritinum Emil í Kattholti, sem Leikfélag Hafnarfjarðar setti upp og sýnt var meira en 50 sinnum. Var það í fyrsta sinn sem leikrit um Emil í Kattholti var sett upp á Íslandi.



Endurminningarnar vöktu skemmtilegar tilfinningar.



Alda Sigurðardóttir rifjar upp söguna.



Skjalavot

Stefán Karl Stefánsson og Valdimar Þór Valdimarsson djamma í myndbandi en Stefán Karl heitinn áttu frumkvæðið að því að hópurinn hittist.

inniheldur klippur héðan og þaðan, m.a. úr sjónvarpi og upptökum af leikritum árunum 1988-1990 í bland við ýmislegt sem ekki hefur verið birt opinberlega áður, m.a. brot úr dagskrár-

kynningum Þulu Guðnadóttur sem Stefán Karl lék. Vakti það upp margar minningar og kátinu viðstaddra.

Myndbandið má sjá í frétt á fjardarfrettir.is

Tónlistarnemendur gerðu víðreist um bæinn

Líflegt á degi Tónlistarskólanna sem lífgaði upp á Safnanótt í Hafnarfirði

Dagur tónlistarskólanna haldinn hátíðlegur um allt land sl. laugardag. Hér í Hafnarfirði hófst dagurinn með hljóðfærakynningu í Hásölum þar sem kennarar kynntu þau hljóðfæri sem kennt er á við skólann fyrir elsta hópi forskólans. Að lokinni kynningu fengu nemendur síðan að ganga á milli stofa og prófa hin ýmsu hljóðfæri og var

Eftir hádegi voru síðan fernir tónleikar bæði á Torginu og í salnum þar sem einleikar, ýmis samspil og sínfóníu-hljómsveit skólans kom fram.

Víkuna á undan var samspilsvika í skólanum. Var farið í heimsókn á Sólvang, í Drafnarhúsið, á Hrafnistu, í Fjörð og á fleiri staði og hádegistónleikar voru á fimmtudeginum í Hafnarborg. Í skólanum þessa viku voru einnig æfð ýmis atriði sem eiga eftir að koma fram síðar. Á föstudagsmorgninum komu á fjórða hundrað leikskólaskólabörn frá 16 leikskólum í heimsókn. Þetta var elsti hópur leikskólanna og fengu þau að hlýða á strengjasveit, gítarsveit og forskólahóp leika 3 lög og einnig léku fjólmargir nemendur á önnur hljóðfæri m.a. píanó, þverflautu, óbó, klarinett og



Ljóm: Guðni Gíslason

mikil stemmning í hópnum. Sumir prófuðu mörg hljóðfæri og aðrir færri.



Ljóm: Guðni Gíslason



Ljóm: Guðni Gíslason

Nemendur héldu tónleika og ungir krakkar fengu að kynna hljóðfærum.



Ljóm: Guðni Gíslason

saxófón. Var þetta því hin besta hljóðfærakynning fyrir þau.

Tónlistarskólinn tók þátt í Safnanótt. Spiluðu nemendur á Bókasafninu, Byggðasafninu og í Hafnarborg. Einnig léku samspilshópar á Norðurbakkinn-kaffihús og bækur. Allir stóðu krakkararnir sig mjög vel og voru skólanum sínum til sóma.



Ljóm: Guðni Gíslason

Vandaður tælenskur matur



Tuk Tuk Thai er frábær tælenskur staður í hjarta Hafnarfjarðar sem býður gómsætan mat á góðu verði.

Þar getur þú sest niður í notalegu umhverfi og pantað mat af fjölbreyttum matseðli eða valið tilbúna rétti úr hitaborði. Hægt er að borða á staðnum eða taka með sér heim.



Við tökum á móti stórum sem smáum hópum.

Opíð mán.–lau. 11:30–21:00
sunn. 16:00–21:00

Fjarðargata 19
220 Hafnarfirði

Sími: 519 8888
www.tuktukthai.is



Vel heppnuð árleg grunnskólahátíð

Eldri kynslóðir myndu eflaust kalla dansleikinn tónleika enda sást ekki mikill dans á gólfinu

Elstu nemendur grunnskóla Hafnarfjarðar gerður sér glaðan dag í síðustu viku þegar Grunnskólahátíðin var haldin. Félagsmiðstöðvarnar og skólarnir hafa staðið að þessu verkefni um áraraðir og hefur hátíðin ávallt verið öllum til sóma.

Dansleikur var í Íþróttahúsinu við Strandgötu kl. 19-22 þar sem Ragga Hólm, Flóni, Herra Hnetusmjör, MaxiXDaxi, Dj Englasálmar og sigur-

vegarar úr söngkeppni Hafnarfjarðar þau Sveinbjörg Júlía Kjartansdóttir, Jón Ragnar Einarsson og Erlendur Snær Erlendsson úr Hraunvallaskóla og Unnur Elín Sigursteinsdóttir úr Öldutúnsskóla komu fram.

Krakkarnir voru í hátíðarskapi, sparibúin og gleði ríkti í húsinu. Tónlistin heillaði flesta og mikið var lagt í sviðsbúnað til að gera umgjörðina sem glæsilegasta.



Flóni var meðal skemmtikrafta.



Stemningin var góð í salnum er ljósmyndari Fjarðarfréttar leit við.




Eldhressar enda skemmtu þær sér vel.



Þessir nutu sín vel og greinilega sáttir með tónlistina.



Troðið var framan við sviðið þó athyglin hafi stundum beinst annað.



MP sound sá um hljóðkerfi, sviðsbúnað og lýsingu.



STYRKIR BÆJARRÁÐS

Bæjarráð veitir ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum eða einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu sem fellur að hlutverki sveitarfélagsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsroð sveitarfélagsins.

Umsóknarform á MÍNAR SÍÐUR á hafnarfjordur.is

Umsækjendur verða að tengjast Hafnarfirði með einhverjum hætti. Stofnun, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar geta aðeins sótt um einu sinni á ári og eru viðburðir eða verkefni ekki styrkt eftir á. Nánari upplýsingar á hafnarfjordur.is

Umsóknarfrestur er til 25. mars 2019

HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500
hafnarfjordur.is



Á DÖFINNI

Hafnarborg

Í Sverrissal stendur yfir sýningin Umrót, sýning Mörtu Marlu Jónsdóttur á verkum sínum sem eru á mörku teikninga og málverks. Í aðalsal safnins er sýningin Hljóðön, sem fagnar fimm ára starfsafæli samnefndar tónleikaraðar.

Pollalúðrapönk

Stórtónleikar Pollapönk, Lúðrasveitar Hafnarfjarðar og Kórs Öldutúnsskóla verður í Íþróttahúsin við Strandgötu **á laugardaginn kl. 14**. Sambræðingur þessara ólíku hópa verður án efa gríðarlega spennandi en á efnið skránni verður úrval laga Pollapönkaranna í splúnkunýjum útsetningum.

Skyggnilýsingar

Sálarrannsóknarfélagið í Hafnarfirði verður með félagsfund **í kvöld, fimmtudag kl. 20** í Safnaðrheimili Fríkirkjunnar við Linnetsstíg. Fundarefni Skyggnilýsingar Skúla Viðars og Unnar Teits. miðla. Húsið opnað kl. 19.

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Þétting byggðar: Skortur á framtíðarsýn

ENGIN ÁFORM UM LEIKSKÓLA

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar í liðinni viku var samþykkt skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi 2013-2025. Um er að ræða þéttingu byggðar á fimm reitum í bæjarfélaginu. Í skipulagslýsingunni eru settir fram nokkrir valkostir fyrir hvern reit og eiga verkefnið eftir að þróast frekar í skipulagsferlinu. Reitirnir sem um ræðir eru Óla Run tún, Hringbraut/Flensborg, Hraunbrún/Reykjavík-urvegur/Flatahraun, Flatahraun/Íðnskólinn og Hlíðarbraut 10.



Adda María Jónsdóttir

UPPBYGGING Á FJÓRUM REITUM Í SUÐURBÆNUM

Í skipulagslýsingunni er gert ráð fyrir þéttingu á tveimur reitum í Suðurbænum en áður hefur verið unnið að skipulagsbreytingum á tveimur öðrum svæðum, Dvergsreitnum og Suðurgötu 40-44.

Fulltrúar Samfylkingarinnar hafa bent á að þær miklu breytingar sem fyrirhugaðar eru í þessu hverfi kalli á að hugað sé að heildrænu skipulagi hverfisins og nauðsynlegum innviðum eins og leik- og grunnskólum, sem og aðgengismálum og umferð.

Á síðasta kjörtímabili og það sem af er þessu hafa fulltrúar Samfylkingarinnar barist fyrir því að leikskólaplássum verði fjölgað í Öldutúnsskólaláttverfi. Við teljum leikskóla mikilvæga nærbjónustu og höfum lagt áherslu á að börn geti sótt leikskóla innan síns hverfis. Öllum tillögum okkar þar að lútandi hefur verið hafnað. Á fundi bæjarstjórnar sl. miðvikudag fékkst staðfest að engin áform eru um uppbyggingu á leikskóla í þessu hverfi. Það ber ekki vott um skýra framtíðarsýn eða eflingu nærsamfélags að fara í svo mikla þéttingu án þess að huga að nauðsynlegum innviðum og þjónustu við íbúa. Fulltrúar Samfylkingarinnar greiddu skipulagslýsingunni ekki atkvæði.

Höfundur er bæjarfulltrúi og oddviti Samfylkingarinnar í Hafnarfirði.

Mosinn og Hraunið fengu verðlaun í hönnunarkeppninni Stíl

Margt um að vera í félagsmiðstöðvum bæjarins

Undanfarnar vikur hefur mikið verið um að vera hjá unglingadeildum grunnskóla bæjarins. Grunnskólahátíðin nýafstaðin og þeir unglingar sem sækja félagsmiðstöðvar bæjarins sem eru Aldan, Ásinn, Hraunið, Mosinn, Setrið, Verið og Vítinn hafa haft nóg að gera.

Söngkeppni grunnskóla Hafnarfjarðar var haldin í Bæjarbíói og lauk með því að Jón Ragnar Einarsson, Erlendur Snær Erlendsson og Sveinbjörg Kjartansdóttir öll í Hraunvallaskóla unnu með laginu „Used to be“ lag og texti eftir Sveinbjörgu og útsettu þau það í sameiningu. Þau mun taka þátt í Söngkeppni grunnskólanna í Laugarðshöll þann 23. mars auk Unnar Elinar Sigursteinsdóttur úr Öldutúnsskóla.

Danskeppni Samfés var haldin í Digranesskóla 1. febrúar og tóku þau Birkir Ólafsson, Ellen Andrea Einarsdóttir, Egill Magnússon, Bryndís Lóa



Bronsverðlaunahafarnir úr Hraunvallaskóla.

Liljarsdóttir, Katrín Tekla Guðmundsdóttir og Steinar Logi Jónatansson frá Hrauninu þátt í henni.

Hönnunarkeppnin Stíll var haldin 2. febrúar sl. Félagsmiðstöðin 100og1 sigraði en í þá keppni mættu 5 lið úr Hafnarfirði, þrjú frá Hrauninu, eitt frá Setrinu og eitt frá Mosanum. Rúmlega

150 unglingar komu víðs vegar að af landinu og skipuðu 31 lið. Var þetta í 18. sinn sem keppnin var haldin. Þemað í ár var 90's sem endurspegladist í glæsilegri hönnun og sýningu unga fólksins. Félagsmiðstöðin Mosinn í Hraunvallaskóla hampaði þriðja sætinu og félagsmiðstöðin Hraunið (1) úr Víðistaðaskóla fékk verðlaun fyrir hár. Stelpurnar úr Hafnarfirði stóðu sig einstaklega vel og fylgja hér nokkrar myndir frá keppninni.

Í samtali við Fjardarfrettir sögðu stelpurnar úr Mosanum að þær hefðu fengið innblástur úr myndinni Clue less og nefndu þær fötin í höfuðin á einni persónu myndarinnar, þ.e. Dione. Þær Írena Rut, Elísabet Anna, Nina og Emelía Ósk sögðu að þetta vektu áhuga þeirra á að skoða meira hönnun. Þær



Emelía Ósk á sviðinu.

eru úr 8. og 10. bekk. Hittust þær fyrst í september og unnu til loka nóvember og byrjuðu svo aftur í janúar. Fyrir keppnina fengu þær handbók með upplýsingum um keppnina sem þær þurftu að fylgja. Þær flettu í gegnum tímarit og fleira og byrjuðu síðan að sauma. Átlunin í upphafi var að gera síðan jakka en þær enduðu með stuttan jakka með hettu og stuttbuxur og náðu 3ja sæti keppinnar sem er glæsilegur árangur.



Glæsilegur hópur keppenda á Stíl.

Skipulagsvinna miðbæjarins mjakast hægt áfram

Á síðasta ári átti að halda kynningarfund, opna heimasíðu og fl. en ekkert mjakaðist

Ef marka má fundargerð skipulags- og byggingarráðs frá 12. febrúar sl. er verið að mjaka áfram vinnu við undirbúning að endurbættu skipulagi fyrir miðbæ Hafnarfjarðar sem lengi hefur verið beðið eftir. Afmörkun miðbæjarins er svæði sem afmarkast af Víkingastræti, Suðurgötu, Strandgötu og allt að safnahúsum við Vesturgötu.

Fyrir ári síðan var loks ákveðið að endurskoða skipulag miðbæjarins og þrjár arkitektastofur, Sei, T.Ark og Trípoli voru fengnar til hugmynda- og tillöguvinnu að framtíðarsýn á miðbæ Hafnarfjarðar. Skiluðu þær af sér og var sú vinna kynnt á fundi skipulags- og byggingarráðs 6. mars en ekki birt né kynnt almenningi.

Í febrúar 2018 kynnti skipulagsstjóri vinnuferil þar sem áætlaður var kynningarfundur fyrir bæjarbúa, hugmyndavinnan kynnt í bæjarblöðum, opnuð yrði heimasíða og bæjarbúum gefinn kostur á að koma á framfæri hugmyndum. Í framhaldi yrði svo unnin samkeppnislýsing og opin samkeppni síðan haldin og nýtt skipulag síðan unnið sem byggt væri á niðurstöðu samkeppninnar.

Ekkert hefur bólað á neinni kynningu til bæjarbúa á þessum 11 mánuðum síðan hugmyndavinnan var kynnt í ráðinu - fyrr en núna að málið er fyrsta mál á dagskrá skipulags- og byggingarráðs þar sem upplýst er að fulltrúi Teikn arkitekta hafi kynnt vinnu við úttekt á gildandi deiliskipulagi frá 2001. Þormóður Sveinsson skipulagsstjóri



Bílar og bílastæði eru áberandi í miðbæ Hafnarfjarðar og víða möguleikar til að bæta miðbæinn með aukinni þjónustu.

Hafnarfjarðar sagði í samtali við Fjarðarfréttir að þegar hafi verið unnin húsakönnun fyrir miðbæinn en vinna Teikn arkitekta hafi falist í að gera úttekt á gildandi skipulagi og skoða hvaða heimildir þess hafa verið nýttar. Þá var stofan einnig fengin til að meta hugmyndir arkitektastofanna þriggja sem sent höfðu inn tillögu en Þormóður sagði tillögum hafa verið nokkuð líkar.

Aðspurður um hvort væntanleg hugmyndasamkeppni yrði yfir fyrirfram niðurnjörvað svæði eða hvort tillögugjafir fengju nokkuð frjálsar hendur með það sagði hann að einmitt það atriði væri í skoðun. Einnig væri í skoðun hvort opna ætti á þann

möguleika að fá þessar stofur til að vinna áfram að tillögugerð í stað þess að halda opna samkeppni með þeim tíma sem það tæki.

Við gerð deiliskipulags getur myndast ákveðinn réttur lóðarhafa sem hann í raun greiðir ekki fyrir og þegar slíkur réttur er afturkallaður hefur það kallað á skaðabætur. Aðspurður sagði Þormóður ekkert óeðlilegt að slík ákvæði giltu ekki nema í ákveðinn tíma og ef þau yrðu ekki nýtt innan þess tíma, féllu þau niður. Þetta krefst þó breytinga á skipulagslögum.

Verslunareigendur í miðbænum eru orðnir langþreyttir á aðgerðarleysi enda vantar mikið upp á að uppbygging í miðbænum geti hafist.

Ástarljóðakvöld á Norðurbakkanum

Ástin mun svífa yfir vötnum á Norðurbakkanum bókakaffi á Valentínusardaginn þegar sex góðkunnug skáld munu lesa upp ástarljóð fyrir gesti. Höfundar kvöldsins verða þau Valdimar Tómasson, Eyrún Ósk Jónsdóttir, Anton Helgi Jónsson, Björk Þorgrímsdóttir, Lárus Jón Guðmundsson og Ásdís Óladóttir. Eygló Jónsdóttir ljóðskáld mun síðan vera kynntir kvöldsins.

„Þetta er í annað sinn sem ég skipulegg svona ástarljóðakvöld á Valentínusardaginn. Mér finnst gott að nýta svona daga eða það sem er að gerast í samfélaginu sem kveikjur af einhverri sköpun. Í haust flutti ég friðarljóð á alþjóða friðardaginn og svo fékk ég hóp af skáldum með mér til þess að flytja sólarljóð á Jónsmessu síðasta sumar. Um leið og ég er búin að ákveða að halda slíka viðburði flæða ljóðin fram,

svo undarfarna daga hef ég gert fátt annað en að semja ástarljóð,“ segir Eyrún Ósk sem skipuleggur dagskrána. En hvernig kviknaði hugmyndin að því að halda ástarljóðakvöld á Valentínusardaginn?

„Á Valentínusardaginn fagna menn ástinni víða um heim. Það er algjör misskilningur að þetta sé bara einhver bandarísk hátíð. Það má þvert á móti rekja uppruna þessa dags til Evrópu á 14. öld en þá hófu kristnir menn að halda messu heilags Valentínusar, ástinni til heiðurs. Síðan þá hefur þessi hefð fest sig í sessi og breiðst víða. Í sumum löndum hefur sú hefð skapast að gefa elskunni sinni gjafir á þessum degi, en í öðrum löndum hefur verið lögð meiri áhersla á ást til vina, fjölskyldu og á kærleikann almennt. Ég var lengi vel alltaf að passa mig á að



vera ekki of væmin og vera nógu ögrandi sem listamaður, en í dag hef ég látið allar slíkar hömlur lönd og leið og nýt þess bara að upplífa ástina, skapa það sem mig langar til að skapa og finnst dásamlegt að fá tækifæri til þess að koma saman með öðrum stórkostlegum skáldum og gera eitthvað skemmtilegt.“

Dagskráin hefst kl. 20 í kvöld fimmtudag á Norðurbakkanum, bókakaffi og eru allir velkomnir.

Auglýsingar

sími 565 3066 - 896 4613

gudni@fjardarfrettir.is

ÍÞRÓTTIR

HANDBOLTI:

13. feb. kl. 19.30, Kaplakriki

FH - Gróttu, I. deild kvenna

19. feb. kl. 19.30, Ásvellir

Haukar - Stjarnan, bikarkeppni kvenna

19. feb. kl. 19.30, Varmá

Afturelding - FH, bikarkeppni karla

ÚRSLIT KVENNA:

Haukar - Selfoss: 27-20

Fylkir - FH: 25-24

ÚRSLIT KARLA:

Stjarnan - FH: 20-28

Fram - Haukar: 23-26

Haukar U - Víkingur: 23-24

FH U - Stjarnan U: 31-26

KÖRFUBOLTI:

20. feb. kl. 19.15, Borgarnes

Skallagrímur - Haukar, úrv.d. kvenna

ÚRSLIT KVENNA:

Haukar - Snæfell: 73-67

Stjarnan - Haukar: 79-75

ÚRSLIT KARLA:

Haukar - KR: 83-74

sport@fjardarfrettir.is

FJARÐARBÓN
KAPLAHRAUNI

Alþrif
Bryngljái

Tímapantanir í síma

5653232

KAPLAHAUNI 22

Hönnun
& umbrot



HÖNNUNARHÚSIÐ EHF.

BÆJARHRAUNI 2 • 220 HAFNARFJÖRDUR

hhus@hhus.is | stofnað 1990

BLSTOFA

HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5aBoltinn í beinni og lifandi
tónlist allar helgar.Tilvalinn staður fyrir
einkasamkvæmi stærri
og smærri hópa.**Gullnámán**Happy Hour alla daga
frá kl. 16 til 19 og fleiri
flott tilboð á barnum.**BLSTOFA**

HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200**Pollalúðra-
pönk á
laugardag**

Nýtt lag frá Pollapönki

Þrjár hafnirskar menningar-
stofnanir; Pollapönk, Lúðra-
sveit Hafnarfjarðar og Kór
Öldutúnsskóla leiða saman
hesta sína á stórtónleikum í
Íþróttahúsinu við Strandgötu á
laugardaginn kl. 14.Sambræðingur þessara ólíku
hópa verður án efa gríðarlega
spennandi en á efnisskránni
verður úrval laga Polla-
pönkaranna í splúnkunjum
útsetningum.Í tilefni tónleikanna gefa
Pollapönkarar út nýtt lag,
„Garðar rannsakar“. Í laginu
segir frá Garðari, sem rann-
sakar hver stal stuðinu. Lagið
verður frumflutt á tónleikunum.**AUGLÝSINGAR**

Náðu til Hafnirðinga

sími 565 3066 - 896 4613
gudni@fjardarfrettir.is

Ljóm: Guðrún Gíslason

Skíðabrekkan á Óla Runs túniEinhverjir muna eftir því að litla brekkan frá kartöflugarðinum á Óla Runs túni
og niður að Smárahvammum var notuð sem skíða- og sleðabrekka. Manst þú eftir því?**Glæsilegt
kvöldverðarhlaðborð**

aðeins 3.990 kr.

上海 酒店

**SHANGHAI**Reykjavíkurvegi 74, sími 517 9688
sjanghae.is | facebook.com/sjanghae**Hvar verður þú
í vetrarfríinu?****BREKKURNAR,
BÍÐA EFTIR ÞÉR!**

Á SKÍÐUM SKEMMTI ÉG MÉR TRALALLALLALA...

**Skíða- og
brettaskólinn**Skíða- og brettaskólinn fyrir
krakka 5–12 ára, byrjendur sem
og lengra komna, kl. 11–13 alla
daga í vetrarfríinu. Skráning og
nánari upplýsingar á hlidarfjall.is**Skíðabúnaður
til leigu**Búnaður af öllum stærðum og gerðum
frá helstu framleiðendum. Skíði, skór,
snjóbretti og fjallaskíði. Skíðahjálmar
fást leigðir án endurgjalds.**Komdu
frekar
norður!****Hlíðarfjall**
Akureyri**Sími: 462-2280**

Opnunartíma má sjá á hlidarfjall.is

Fylgstu með Hlíðarfjall Akureyri á

facebook